

Viðræðunefnd um sameiningu sveitarfélaga Opinn fundur með íbúum

6. fundur í viðræðunefnd um mögulega sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps haldinn að Langanesvegi 2, fimmtudaginn 13. janúar 2022, kl. 17:30.

Mætt voru: Frá Langanesbyggð Þorsteinn Ægir Egilsson formaður, Siggeir Stefánsson og Miriam Blekkenhorst (í fjarfundarsambandi).

Frá Svalbarðshreppi: Sigurður Þór Guðmundsson varaformaður, Sigríður Jóhannesdóttir og Ragnar Skúlason (í fjarfundarsambandi frá Svalbarðsskóla).

Jónas Egilsson sveitarstjóri Langanesbyggðar, Róbert Ragnarsson ráðgjafi (í fjarfundarsambandi) og Björn S. Lárusson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Fundurinn sendur út og tekinn upp.

Fundargerð

1. Stjórnskipulag sameinaðs sveitarfélags og sameiginleg hagsmunamál gagnvart ríkinu.

Róbert flutti framsögu um efni fundarins. Stjórnskipulag sveitarfélaga. Samanburður á stjórnskipulagi í Svalbarðahreppi og Langanesbyggð, lögskyld verkefni og áætlanir. Framtíðarsýn um skipulag, fulltrúa í sveitarstjórn og nefndir.

2. Fyrirspurnir og athugasemdir:

1. Hver verður fjöldi í sveitarstjórn?
2. Marinó: tengivegir og stuðningur frá ríkinu til þeirra. Fjallskilasjóður hefur ekki verið til eða í það minnsta lítið til í honum.
3. Er eitthvað sem mælir á móti mismunandi gjaldi eftir fjallskiladeildum.
4. Er gert ráð fyrir að dreibýlisráð og hverfaráð Bakkafjarðar muni starfa áfram í sameinuðu sveitarfélagi?
5. Algjörlega á móti gjaldi á land sem renni í fjallskilasjóð.
6. Er búið að ákveða hver verkefni þessara ráða eigi að vera? Gert ráð fyrir að átt sé við dreibýlisráð og hverfisráð.
7. Er gert ráð fyrir einu sameiginlegu dreifbýlisráði fyrir allt sveitarfélagið?
8. Eiríkur; gjald á land fyrir fjallskilasjóð lagt niður vegna málaferla. Líkur á að stærra sveitarfélagið taki yfir það minna.
9. Marinó; hverfaráð gerði tillögu um forgangsroðun um viðhald tengivega, hvað varð um þá peninga sem ætlað var til þeirra.
10. Mikilvægt að dreifbýlisráð og hverfisráð séu ekki einungis skipuð hagsmunaaðilum hvers svæðis heldur að einn aðili nefndarinnar sé utanaðkomandi = fleiri sjónarmið.

11. Skipar sveitarstjórn í öll ráð og nefndir?
12. Marinó; vantar markmið hvernig nýta á styrkvegafé.
13. Atvinnuþróun og nýsköpun að nýta virkjanakosti enda vantar rafmagn inn á svæðið.
14. Eiríkur; nýta þá orku kosti sem eru til staðar í vindi og vatni. Leggja í framkvæmdir sjálfir í stað þess að heimta af ríkinu.
15. Þarf að vera lágmarkskjörsókn í sameiningar kosningum til að kosningin verður gild.
16. Hvað á sveitarfélagið að heita og hefur það verði rætt?
17. Marinó; fjallskilamál verða ekki leyst nema með aðstoð frá ríkinu. Einfalda kerfið, svæðaskipting úrelt, þrískipta svæðinu með jafn marga gagnaforingja sem mynda fjallskilaráð.
18. Þarf nafnið á sveitarfélaginu ekki að liggja fyrir áður en kosið er?
19. Hyggst Langanesbyggð halda áfram að innheimta gjald af landeigendum fyrir fjallskilasjóð? Hefur þetta mælst vel fyrir.
20. Marinó; vill bíða með sameiningu og þegar framkvæmdir fara af stað í Gunnólfsvík er möguleiki á sameiningu við Vopnafjarðarhrepp.

Fundi slitið kl. 18:50.